

4. bekkur – kennsluáætlun í samfélagsfræði Vorönn 2023

Kennarar: Angelia Fjóla Vilhjálmisdóttir og Siggerður Ólög Sigurðardóttir

Markmið: Á vorönn er markmiðið að kynnast sögu mannkyns og sögu Íslands. Kynnast hinum ýmsu störfum og hvaða tækifæri þau veita okkur í lífinu. Þekkja nokkur af einkennum Íslands og sérstöðu. Einnig að nemendur læri sértækan orðaforða á sviði sögu og menningar.

Kennslubækur: Komdu og skoðu sögu mannsins og Komdu og skoðu landmámið . Kortabækur og ýmis fræðirit.

Unnið verður með: Ýmis hugtök, tölfræði og almenna þekkingarleit og miðlun nýrrar þekkingar.

Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
16. - 17. feb	Nemendur lesa og ræða saman um sögu mannkyns	
20. - 24. feb	Nemendur lesa og ræða saman um sögu mannkyns.	20. bolludagur 21. sprengidagur 22. öskudagur
27. feb – 3. mars	Íslandssaga. Landnám	
6. – 10. mars	Íslandssaga. Landnám	
13. – 17. mars	Upplýsingaleitir um hin ýmsu störf	
20. – 24. mars	Upplýsingaleitir um hin ýmsu störf	
27. – 31. mars	Starfatorg á yngsta stigi	
3. – 10. apríl	PÁSKAFRÍ	
11. – 14. apríl	Íslandssaga. Landnám	
17. – 19. apríl	Íslands fyrr og nú	20. sumardagurinn fyrsti 21. annarleyfi
24. – 28 apríl	Íslands fyrr og nú	
2. – 5. maí	Íslands fyrr og nú	1. maí dagur verkalýðsins

8. – 12. maí	Saga mannkyns - hópaskipting	
15. – 19. maí	Saga mannkyns - hópaskipting	18. uppstigningardagur
22. – 23. maí		23. skólaslit

Námsmat:

Vinnubók og verkefni: 50 %

Virkni og þátttaka: 50 %

Hæfniviðmið:

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,
 bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu,
 lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga,
 nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,
 sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,
 aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
 rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,
 gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa, sagt frá dæmum, um hvernig
 loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,
 bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,
 gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,
 áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
 sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu,
 velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,
 komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,
 sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,
 sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,
 bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum,
 áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum,
 velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni,
 sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,
 áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,
 komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,
 nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum,
 áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,
 bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu,
 bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,
 áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu,
 áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,
 lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu,
 varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.